

## Jónas Hallgrímsson

Jónas Hallgrímsson er eitt þekktasta ljóðskáld Íslendinga. Jónas fæddist árið 1807 og dó árið 1845. Hann er stundum kallaður „listaskáldið góða“ og öll íslensk börn læra um ljóðin hans í skólum. Hann var prestssonur og ólst upp á Norðurlandi. Jónas bjó lengi í Danmörku eins og margir aðrir Íslendingar sem fóru í háskólanám á þeim tíma. Jónas lærði náttúrufræði við háskólann í Kaupmannahöfn. Hann ferðaðist í nokkur ár um Ísland og skrifaði um náttúru landsins. Jónas var undir áhrifum rómantísku stefnunnar. Hann orti mörg ættjarðarljóð, um ástina, íslenska náttúru og sögu landsins. Hann skrifaði líka um náttúruvísindi, stjórnmál og bókmenntir. Ljóð Jónasar voru Íslendingum mikil hvatning í sjálfstæðisbaráttunni.

Mörg ljóð Jónasar Hallgrímssonar lýsa söknuði hans og ást til Íslands. Í þessu ljóði sendir hann kveðju heim til Íslands.

### ÉG BIÐ AÐ HEILSA

*Nú andar suðrið sæla vindum þýðum.  
Á sjónum allar báurur smáar rísa  
og flykkjast heim að fögru landi ísa,  
að fösturjarðar minnar strönd og hliðum.*

*Ó, heilsað öllum heima rómi bliðum  
um hæð og sund í drottins ást og friði.  
Kyssið þið, báurur, bát á fiskimiði.  
Blásið þið, vindar, hlýtt á kinnum fríðum.*

*Vorboðinn ljúfi, fuglinn trúr, sem fer  
með fjaðrabliki háa vegaleysu  
í sumardal að kveða kvæðin þín,  
heilsaðu einkum, ef að fyrir ber  
engil með húfu og rauðan skúf, - í peysu.  
Þróstur minn góður, það er stúlkan mín.*

Jónas Hallgrímsson þýddi líka marga texta, t.d. um náttúrufræði, og bjó þá til mörg ný orð yfir fyrirbæri sem hafði ekki verið talað um á íslensku fyrr. Hann bjó t.d. til orðin *aðdráttarafl*, *hitabelti*, *ljósvaki*, *sjónauki* og *sporbaugur* sem eru ennþá notuð í íslensku máli. Íslenskt tímarit, *Fjölnir*, kom út árlega í Kaupmannahöfn árin 1835 - 1847. Fjölnir hafði mikil áhrif á íslenskt mál og menningu. Jónas Hallgrímsson var einn af þeim sem stofnuðu tímaritið. Mörg helstu kvæði Jónasar birtust fyrst í *Fjölni*. Í kvæðum Jónasar birtist kraftur tungumálsins, náttúrufræðin og sagan. Hann notaði bæði klassíska erlenda bragarhætti, t.d. sonnettu, og forna íslenska bragarhætti, t.d. bragarhætti fornu eddukvæðanna.